



Reykjavík 15.nóv.2017

Ágæti viðtakandi.

Meðfylgjandi er lokaskýrsla vegna flugslysaæfingarinnar sem haldin var á Ísafjarðarflugvelli þann 7.október síðastliðinn.

Í lokaskýrslunni eru skýrslur sem okkur bárust frá talsmönnum viðbragðseininga , verkþáttastjórum og ráðgjöfum. Ég vona að allar aðsendar skýrslur hafi ratað í þessa lokaskýrslu.

Tilgangurinn með gerð lokaskýrslu er sá að allir þeir viðbragðsaðilar sem komu að æfingunni hafi möguleika á að tjá sig um það sem þeim fannst vel fara á liðinni æfingu bæði í undirbúningi og lausnum verkefna á æfingunni og einnig að skýra frá því sem miður fór að þeirra mati í undirbúningi og framkvæmd.

Tilgangurinn er ekki sá að dæma einn eða neinn. Hann er eingöngu á faglegum nótum. Í öllum æfingum gera menn góða hluti og klúðra einnig einhverju. Af góðum og lélegum ákvörðunum þarf að læra. Tilgangurinn er að bæta og læra af reynslunni þannig að á næstu æfingu eða næsta atburði hafi aðilar bætt sig í því sem miður fór og muni eftir hinu góða.

Vinsamlega hafðu skýrsluna á aðgengilegum stað svo sem á kaffistofu eða á svipuðum stað þannig að sem flestir í þinni viðbragðseiningu hafið aðgang að henni og mynddiskunum sem henni fylgja.

Nú er rétti tíminn til þess að gaumgæfa skýrsluna, gjarna mætti samlesa hana með fleirum til þess að fara yfir lærdómsatriði. Munið að þótt æfingunni sjálfri sé lokið þá er nauðsynlegt að halda fundi í stjórnneiningum æfingarinnar, renna sameiginlega yfir skýrsluna og ákveða til hvaða aðgerða/úrbóta skuli grípa sé þess talið þörf. Rétti tíminn til þess er núna ekki seinna.

Ef að þið þurfið á fleiri skýrslum að halda þá endilega hafið samband. Einnig má benda á að lokaskýrslur æfinga má finna undir isavia.is síðan [Viðskiptavinir](#) og síðan [Flugslysaæfingar](#).

Vonandi kom nýliðin æfing ykkur að gagni og leiddi til lærdóms.

Við í ráðgjafahópnum viljum þakka fyrir ánægjulegt samstarf og skilum bestu kveðjum.

Bjarni Sighvatsson-verkefnisstjóri-Isavia.